

## Búnaður greiningasveita heilbrigðisstofnana

Meðfylgjandi listi yfir búnað greiningasveita er gerður með það að markmiði að heilbrigðisstofnanir geti haft hann til hliðsjónar yfir hvaða búnað sé æskilegt og/eða raunhæft að hafa í hópslysبúnaði. Einnig getur listinn auðveldað almannavörnum að hafa yfirsýn yfir hvaða búnað má búast við að komi með greiningarsveitum í útköll á neyðarstundum. Athugið að um viðmiðunarlista er að ræða og ekki er gerð krafa um að heilbrigðisstofnanir eigi allan þann búnað sem talinn er fram. Listinn var gerður árið 2011 af Guðbjörgu Pálsdóttur, sérfræðingi í bráðahjúkrun á Landspítala, Sigrúnu Guðnýju Pétursdóttur, hjúkrunarfræðingi á Landspítala og Ármanni Höskuldssyni sjúkraflutningamanni á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ábyrgð á viðviðmiðunarlistanum hvílir hjá Landlæknisembætti og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og skal hann endurskoðaður á a.m.k. fimm ára fresti.

### Nokkur almenn atriði er varðar hópslysabúnað:

1. Leggja skal áherslu á að í búnaðinum sé allt sem til þarf til að skoða og meta sjúklinga samkvæmt bráðaflokkun og framkvæma áverkamat. Gera skal ráð fyrir að hægt sé að bráðaflokka 50-100 manns.
2. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að hægt sé að sinna 2-5 mikið slösuðum, og að hægt sé að setja upp æðaleggi til lyfjagjafa og vökvagjafar hjá 25-50 slösuðum.
3. Mælt er með því að í hópslysabúnaði séu hlutir sem heilbrigðisstarfsfólk þekkir og notar í sínu daglega starfi. Búnaðurinn þarf að vera í samræmi við þjálfun starfsfólks.
4. Þegar búnaðurinn er settur saman er mikilvægt að þekkja þann búnað sem samstarfaðilar hafa á hverju svæði fyrir sig, svo sem sjúkrabílar, björgunarsveitir og annar búnaður heilbrigðisstofnunar eins og búnaður vaktlæknis. Á flestum svæðum má gera ráð fyrir teppum, börum, spelkum og grunnsáraumbúðum frá björgunarsveitum, vakthafandi læknir er yfirleitt með tösku með lyfjum og neyðarbúnaði og í sjúkrabílum eru sáraumbúðir, spelkur og súrefni.
5. Þegar búnaðurinn er settur upp, getur verið gott að hugsa búnaðinn eftir staðsetningu á söfnunarsvæði slasaðra, það er að hafa eina tösku fyrir hvert eftirtalinna svæða:

- Bráðaflokkun
- Áverkamat
- Rautt svæði
- Gult svæði
- Grænt svæði

Nauðsynlegt er að taka með drykki og mat fyrir greiningarsveitina. Gera má ráð fyrir að sveitin sé án utanaðkomandi matar og drykkja að lágmarki í 6 klukkutíma.

# Viðmiðunarlisti

## Búnaður greiningasveita heilbrigðisstofnana

### Öryggisbúnaður

- Eyrnatappar, eitt par fyrir hvern einstakling í sveitinni
- Öryggisgleraugu, ein gleraugu fyrir hvern einstakling í sveitinni
- Vasaljós/höfuðljós ásamt auka rafhlöðum, eitt ljós fyrir hvern einstakling í sveitinni
- Einkennisklæðnaður, eitt einkennisvesti á hvern einstakling í sveitinni
- 20 maskar
- Hanskar (mismunandi stærðir, 4 kassar af hverri stærð, 1 kassi á hvert starfssvæði)
- Nálabox: hafa að minnsta kosti 4 stk. eitt á hvert starfssvæði
- Spritt /sápur/blautþurrkur

### Búnaður á slysstað fyrir bráðaflokkun

- 2-5 bráðaflokkunartöskur, í hverri tösku:
  - Bráðaflokkunarspjald
  - Áverkamatsblöð 20 stk. forflokkuð (rauð 5, gul 6, græn 9)
  - Merkingar fyrir látna 5 stk.
  - Bráðabarnastika
  - Merkingar fyrir eitranir, geislavá og smithættu 20 stk.
  - 2 blýantar
  - Einnota kemísk ljós 5 stk.
- Skráningarmappa og skráningarblöð. Einn penni/blýantur í vasa hvers aðila í teyminu.
- Þrýstiböggjar 10 stk.

### Búnaður fyrir áverkamat

- 6 blóðþrýstingsmælar (athugið að hafa þarf mismunandi stærðir af manchettum: barna, fullorðins, stóra fullorðins). Tveir blóðþrýstingsmælar fyrir áverkamat, tveir á rautt svæði, einn á gult svæði og einn á grænt svæði
- 6 hlustunarpípur með öllum blóðþrýstingsmælum, tvær á svæði fyrir áverkamat, tvær á rautt svæði, ein á gult svæði og ein á grænt svæði
- 6 fataskæri. Tvö við framkvæmd á áverkamati, tvö á rautt svæði, eitt á gult svæði, eitt á grænt svæði
- 6 augnskoðunarljós, tvö við framkvæmd á áverkamati, tvö á rautt svæði, eitt á gult svæði, eitt á grænt svæði
- Tunguspaðar, ca. 10-20 stk. aðallega við áverkamat og á rauða svæðinu
- Súrefnismettunarmælir, einn fyrir rautt svæði

## Öndunarvegur A

- 2 sogtæki fyrir rautt svæði (ef búnaður er til staðar fyrir barkaþræðingu þá verður sog að vera til staðar)
- 6 mjúkir sogleggir
- 10 harðir sogleggir
- 2 nefrennur af hverri stærð (nr. 6-7-8)
- 2 kokrennur af hverri stærð
- LTS – túpur, tvær af hverri stærð. nr. 3 (gul), nr. 4 (rauð), nr. 5 (fjólublá)
- 1 loftmælisprauta 100 ml.
- 2 Xylocain gel
- Mjór heftiplástur
- 10 tunguspaðar
- Búnaður til að barkaþræða:
  - Túbur
    - nr. 3 x 1
    - nr. 4 x 1
    - nr. 5 x 1
    - nr. 7 x 2
    - nr. 7,5 x 2
    - nr. 8 x 2
  - Laryngoscope
    - Blað nr. 3, 1 blað
    - Blað nr. 4, 1 blað
  - 1 leiðari af hvorri stærð (large, medium)
  - 2 xylocain gel
  - 1 magill-töng
  - 1 skæri
  - Sprautur
    - 10 ml. x 2
- Heftiplástur
- 4 sondur af hvorri stærð nr. 14 og 16
- Uppsölubelgir (notaðir m.a. til að festa við sonduna)

## Öndun B

- 2 blástursbelgir, 2 maskar af hverri stærð
- 8 súrefnisgleraugu
- 8 súrefnisgrímur
- Súrefni. Magn er matsatriði og fer eftir aðstæðum í hverju tilviki. Mælt er með 15-30 lítrum. Algengt er að í notkun séu 2 lítra og 4 lítra súrefnishylki. Einnig eru víða til 10 lítra hylki. Til að reikna hve lengi súrefnið endist er þessi formúla notuð:

Þrýstingur (bar) x rúmmál hylkis = magn súrefnis í lítrum.

*Dæmi: Ef þrýstingur á 4 lítra hylki sýnir 200 bör, þá er lítramagnið í hylkinu  $200 \times 4 = 800$  lítrar. Ef sjúklingi er gefið súrefni úr þessu hylki, 10 lítrar/mín þá dugur hylkið í 80 mín. ( $800 \text{ lítrar} \times 10 \text{ lítrar/mín}$ )*

- Brjóstholskerasett 1stk.
  - Spjót
    - 28 x 1
    - 32 x 1
  - Hnífar
    - nr. 11 x 2
    - nr. 10 x 2
    - nr. 15 x 2
  - 2 Heimlich ventlar
  - 2 þvagpokar
  - Saumur og saumasett

## Blóðrás C

- 20 vökvasett
- 10 lítrar, vökvi : NaCl
- 10 lítrar, vökvi: RA
- 2 þrýstipokar
- 2 töskur: Æðaleggir og búnaður til uppsetningar (hægt að skipta í barna- og fullorðinstösku)
  - Venflo
    - Gul x 4
    - Blá x 8
    - Bleik x 10
    - Græn x 15
    - Hvít x 8
  - 25 sprittpúðar
  - Heftiplástur
  - 30 vegafix
  - Stasi 2 stk.
  - Sprautur
    - 2 ml. x 40
- Beinmergsbor, 2 beinmergsnálar, 3 - way krani til að tengja í æðalegginn
- 20 stk. NaCl skolvökvi 10 ml. (1 kassi)

## Sár og sárameðferð

Mælt er með því að hafa lágmarksumbúðir og gera ráð fyrir samnýtinu búnaðar, það er að hægt sé að fá umbúðir á vettvangi hjá björgunarsveitum og úr sjúkrabílum

- Teygjubindi 10 cm.
- Grisjur 10 x 10 cm.
- Sáraböggjar large
- 2 breiðar SAM spelkur
- 6 mjóar SAM spelkur
- Fatlar
- Plástrar
- Heftiplástur
- Silkiplástur
- Þrýstiböggjar
- Fatlar
- Xylocain krem
- Steristripp

## Lyf og lyfjagjafir

Athugið að lyfjalisti fylgir ekki viðmiðunarlistanum og er það á ábyrgð hvernar heilbrigðisstofnunar fyrir sig að gera slíkan lista. Mikilvægt er að taka sérstaklega til nauðsynlegar nálar, sprautur og fleira til að gefa lyfin

- 5 sprautur 20 ml.
- 10 sprautur 10 ml.
- 20 sprautur 5 ml.
- 30 sprautur 2 ml.
- 50 nálar 19 G (hvít)
- 25 nálar 23 G (blá)
- 25 nálar 25 G (appelsínugul)
- 40 stk. NaCl skolvökvi 10 ml. (2 kassar)

## Tæki og annar búnaður

- Súrefnismettunarmælir
- Blóðsykurmælir (athugið að hafa nóg af strimlum)
- Æðatangir
- Pincettur
- Lítil skæri